



Alþingi

Erindi nr. P 140/1940

komudagur 24.4.2012

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 24. apríl 2012
Tilvísun: 201204-0005 / IS

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um aðgang almennings að hljóðupptökum
Blindrabókasafns Íslands – 140. löggjafarþing 2011-2012. Þskj. 518 - 389. mál

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn styður þingsályktunartillögu Helga Hjörvar um aðgang almennings að hljóðupptökum Blindrabókasafns Íslands. Sérstaklega er áhugavert að gert er ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðherra verði falið að hefja viðræður við Rithöfundasamband Íslands um dreifingu hljóðbóka og réttmætt endurgjald til höfunda.

Rétt er að benda á að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur um árabíl unnið að stafrænni endurgerð íslensks menningararfs á prenti. Lokið er við mikinn hluta eldra efnis sem ekki er lengur í höfundarétti, heldur í almennum aðgangi (Public Domain), og eru ritin aðgengileg á vefjunum tímarit.is og bækur.is. En víða um heim hafa menn áhyggjur af því að efni 20. aldarinnar verði óaðgengilegt á netinu vegna höfundaréttarákvæða og er í því sambandi talað um stafrænt svarthol (Digital Dark Age). Því er lagt til að um leið og samið verði um aðgang að efni Blindrabókasafns, þá verði hugað að aðgangi að sömu ritum á öðru sniði eða formi. Því verði beint til ráðherra að semja einnig um aðgang að íslenskum ritum 20. aldar í stafrænni endurgerð á netinu.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður